

Mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP)

Skjal þetta er notað í þeim tilgangi að skjalfesta mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) skv. 29. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (PVL), sbr. 35. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)2016/679 (persónuverndarreglugerðin). MÁP er verkfæri sem hægt er að beita til að meta og lágmarka áhættu fyrir persónuvernd einstaklinga, einkum við framkvæmd nýrra verkefna. Ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt er nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, skal ábyrgðaraðili verkefnis láta framkvæma MÁP áður en vinnslan hefst.

Skjal þetta skal fyllt út vegna verkefna eða innleiðingu upplýsingakerfa sem krefjast vinnslu persónuupplýsinga og vegna umtalsverða breytinga á verkefnum eða upplýsingakerfum þar sem unnið er með persónuupplýsingar sem fela í sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi hinna skráðu. Persónuvernd hefur gefið út lista yfir vinnsluáðgerðir sem krefjast MÁPs:

<https://www.personuvernd.is/log-og-reglur/reglur-og-reglugerdir/auglysing-nr.-337-2019-um-skra-yfir-vinnsluadgerdir-thar-sem-krafist-er-mats-a-ahrifum-a-personuvernd>

Leiðbeiningar um framkvæmd matsins má finna hér:

<https://www.personuvernd.is/media/leidbeiningar-personuverndar/MAP-Mat-a-Ahrifum-a-Personuvernd.pdf> (íslenska)

<https://www.cnil.fr/sites/default/files/typo/document/CNIL-ManagingPrivacyRisks-Methodology.pdf> (enska)

<https://ico.org.uk/for-organisations/guide-to-data-protection/guide-to-the-general-data-protection-regulation-gdpr/accountability-and-governance/data-protection-impact-assessments/> (enska)

<https://www.datatilsynet.no/rettigheter-og-plikter/virksomhetenes-plikter/vurdere-personvernkonsekvenser/vurdering-av-personvernkonsekvenser/> (norska)

Ábyrgðaraðili

Nafn	
Hver stýrir framkvæmd matsins	
Tengiliður við ábyrgðaraðila	

Skref 1: Er þörf á að framkvæma MÁP?

Lýsing á tilgangi verkefnisins og þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem er nauðsynleg í tengslum við það.

Hér þarf að gera grein fyrir því hvers vegna er þörf á mati á áhrifum á persónuvernd út frá þeim persónuupplýsingum sem unnið verður með og þeirri áhættu sem sú vinnsla getur skapað.

Hér gæti verið gagnlegt að vísa í skjöl eins og verkefnalýsingu, lagafrumvörp eða annað sem lýsir verkefninu nánar.

Skref 2: Lýsing á vinnslu persónuupplýsinga

Hér þarf að lýsa tilgangi vinnslu persónuupplýsinga og hvernig þær verða unnar: Hvernig verður þeim safnað, þær geymdar og eytt? Hvaðan koma upplýsingarnar og hvernig verða þær notaðar? Verður þeim deilt með einhverjum? Hvaða vinnsluaðgerðir eru taldar fela í sér mikla áhættu? Hver eru ætluð áhrif á hina skráðu? Hver er ávinningur vinnslunnar fyrir ábyrgðaraðila og í víðara samhengi?

Hér gæti verið gagnlegt að vísa til flæðiritis sem sýnir flæði persónuupplýsinga eða annarra skjala sem geta komið að notum.

Skref 3: Vinnsluheimild, meginreglur og réttindi hinna skráðu

Gera skal grein fyrir vinnsluheimild persónuupplýsinga, hvernig tryggt verður að meginreglur persónuverndarlaga eru virtar og réttindi hinna skráðu tryggð: Hvaða vinnsluheimild er byggt á? Lagaskylda, almannahagsmunir, samningur, samþykki?

Hvernig er verður tryggt að meginreglur PVL séu uppfylltar þ.e. að vinnslan sé lögmæt, sanngjörn og gagnsæ, aðeins framkvæmd í skýrum lögmætum og málefnalegum tilgangi, aðeins sé safnað nauðsynlegum upplýsingum til að ná þeim tilgangi, upplýsingar séu áreiðanlegar, þær aðeins varðveittar eins lengi og þörf krefur til að ná tilgangi vinnslunnar og að öryggi vinnslunar sé tryggt?

Hvernig verður stuðlað að réttindum hinna skráðu, þ.e. fræðslu um vinnsluna, aðgengi að eigin gögnum og rétti til að flytja, leiðrétta og eyða gögnum og andmælarétti?

Vinnsluheimild:

Hlíting við meginreglur:

Sanngirnisreglan:

Tilgangsreglan:

Meðalhófsreglan:

Áreiðanleikareglan:

Varðveislureglan:

Öryggisreglan:

Réttindi hinna skráðu:

Skref 4: Samráðsferli

Hér á að gera grein fyrir því hvernig verði haft samráð við hlutaðeigandi hagsmunaaðila: Lýsing á því hvenær og hvernig samráð verður haft við hina skráðu? Verður fyrirhuguð vinnsla kynnt opinberlega og fá hinir skráðu færi á að kom sínum sjónarmiðum? Þetta gæti t.d. verið sjúklingahópur eða hópur heilbrigðisstarfsfólks sem halda á sérstaka skrá um eða almenningur ef um er að ræða skrá sem nær yfir alla sjúklinga sem koma inn á spítalann. Ef það stendur ekki til að hafa samráð við slíka hópa skal útskýra hvers vegna.

Gera skal grein fyrir því hvenær og hvernig það verður haft samráð við aðila innan spítalans sem tengjast vinnslunni?

Verður haft samráð við vinnsluaðila, utanaðkomandi öryggissérfræðing eða annarra sérfræðinga?

Skref 5: Greindu og leggðu mat á áhættur

Lýsing á mögulegri áhættu og áhrif hennar á réttindi og frelsi hinna skráðu. Lýstu tengdum áhættum ef þörf krefur, t.d. traust, fjárhag og orðspor spítalans	Líkur Ólíklegt Mögulegt Líklegt	Alvarleiki Lítill Meðal Alvarlegur	Heildar áhætta Lítill Meðal Mikil

Skref 6: Tilgreindu ráðstafanir til að draga úr áhættu

Tilgreindu ráðstafanir til að draga úr eða útrýma áhættu sbr. skref 5.				
Áhætta	Ráðstafanir til að draga úr eða útrýma áhættu	Áhrif á áhættu Eytt Minnkuð Samþykkt	Eftirstæð áhætta Lítill Meðal Mikil	Ráðstöfun samþykkt Já/Nei

Skref 7: Undirritun, ráðleggingar persónuverndarfulltrúa og eftirfylgni

Atriði	Nafn/dagsetning	Athugasemdir
Ráðstafanir samþykktar af:		Tryggja að þær ráðstafanir sem grípa skal til séu að fullu komnar til framkvæmdar áður en vinnsla hefst.
Eftirstæð áhætta samþykkt af:		Ef áhætta eftir ráðstafanir telst miðlungs eða hærrí skal að höfðu samráði við persónuverndarfulltrúa leitað fyrirframsamráðs við Persónuvernd.
Ráðleggingar persónuverndarfulltrúa:		Persónuverndarfulltrúi skal eiga kost á því að veita ráðleggingar við val á ráðstöfunum og vinnslu persónuupplýsinga almennt í verkefninu.
Ráðleggingar persónuverndarfulltrúa:		
Ráðleggingar persónuverndarfulltrúa samþykktar eða hafnað af:		Ef ráðleggingum persónuverndarfulltrúa er ekki fylgt skal gerð grein fyrir því hvers vegna.
Athugasemdir:		
Álit þeirra aðila sem leitað var samráðs við. Samþykkt eða ekki. Ábyrgðaraðili verkefnis staðfestir:		Ef ákvörðun vikor frá afstöðu hinna skráðu þarf að útskýra ástæðu þess Ef ekki er tekið tillit til athugasemd sem berast við samráð skal gerð grein fyrir því hvers vegna.

Athugasemdir:		
Áhættumatið verður uppfært og því fylgt eftir af:		Ef breytingar verða á vinnslu sem hefur áhrif á matið skal persónuverndarfulltrúi upplýstur og veitt tækifæri til að gera athugasemdir.